

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121/850  
komudagur 30/1 1997



Det Islandske Advokatsamfund  
The Icelandic Bar Association

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 1997

**Efni: Umsagnir laganefndar Lögmannafélags Íslands.**

Með bréfi þessu fylgja umsagnir laganefndar Lögmannafélags Íslands vegna eftirfarandi frumvarpa og þingsályktunartillagna:

1. Frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum (183. mál).
2. Þingsályktunartillaga um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana (17. mál).
3. Frv. til laga um jarðhitaréttindi og um orku fallvatna o.fl. (14. og 15. mál).
4. Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara (56. mál).

Stjórn L.M.F.Í. hefur ekki fjallað efnislega um frumvörpin og þingsályktunartillögurnar eða umsagnir nefndarinnar.

Virðingarfyllst

Marteinn Másson, framkv.stj.



**Laganefnd Lögmannafélags Íslands**  
**Umsögn um frv. til laga um breyting á**  
**almennum hegningarlögum (183. mál)**

Reykjavík, 24. janúar 1997

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsídóma og lyfjalögum, vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á framangreindum lögum, sem nauðsynlegar þykja til þess að unnt sé af Íslands hálfu að fullgilda tvo alþjóðlega samninga á sviði refsiréttar. Er helsta markmið samninganna tveggja að uppræta aðalhvatanum að afbrotum og glæpastarfsemi, ávinninginn sem fæst með afbrotunum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga bætist: "eða muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina."


Í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 5. gr. laga nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, m.a. þannig að í 7. mgr. greinarinnar verði svohljóðandi ákvæði: "Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina."

Í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins er þessi tillaga rökstudd með því að dómstólar hafi ekki talið sér heimilt að áætla fjárhæð ávinnings þótt sönnunargögn liggja til þess að sakborningur hafi haft ávinning af broti. Sömu sjónarmið liggja að baki ákvæði 7. gr.

Laganefnd L.M.F.Í. telur að heimildir dómara samkvæmt þessum ákvæðum, til að meta fjárhæð ávinnings, yrðu mjög rúmar, ef frumvarpið verður samþykkt. Þar sem um er að ræða upptöku ólöglegs ávinnings, refsiviðurlög, þurfi e.t.v. að orða ákvæðið með þeim hætti að lagaheimildin feli í sér einhverjar leiðbeiningar eða viðmiðunarreglur fyrir dómara við mat hans. Varasamt kunni að vera að hafa ákvæðið eins opið og takmarkalaust eins og nú er.

Að öðru leyti gerir laganefnd L.M.F.Í. ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt  
f.h. laganefnadar L.M.F.Í.

  
Andri Arnason, hrl., formaður